

Fundur í stjórn UÍA haldin á Reyðarfirði þann 13.02.2019

Kl. 18:00

Mættir eru: Benedikt Jónsson, Jósef Auðunn Friðriksson, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gunnarson og Pálína Margeirsdóttir og Davíð Þór Sigurðarson.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum

2. *Innsend erindi:*

a) Magnús Ásgrímsson óskar eftir stuðningi við sameiginlegt lið austurlands sem sendir lið til þátttöku á Íslandsmóti í öðrum flokki. Stjórn samþykkir að veita verkefninu sama styrk og í fyrra.

b) Beiðni frá Undirbúningsnefnd þátttakenda sem ætla á Gautaborgarleikana frá Austurlandi. Þau óska eftir að fá að keppa undir nafni UÍA og fá í styrk keppnisbúninga frá UÍA. Einnig er óskað eftir ferðastyrk og fána merktum UÍA. Framkvæmdarstjóri tekur stöðuna á nokkrum fyrirtækjum með að fá tilboð í nýja búninga. Framkvæmdarstjóri mun einnig ræða við tengilið þátttakenda um kostnað og fær nánari útskýringu á þessum fána/fánunum. Stjórn samþykkir að veita þessu verkefni ferðastyrk uppá 150 þúsund krónur.

c) Neisti fangar 100 ára afmæli. Áætlað er að halda veglega afmælishátíð þann 24. Febrúar. Samþykkt er að veita 100 þúsund króna styrk úr fræðslusjóði.

d) UMFÍ heldur ungt fólk og lýðræði dagana 10-12 Apríl. Óskað er eftir tilnefningum frá UÍA. Gassi tekur stöðuna á UMFÍ til að fá staðfest hvernig ferðakostnaði er háttáð í þessu. Auk þess hvort að UÍA þurfi að skaffa fylgdarmann.

3. *Skýrsla skrifstofu*

a) Fjármál: Unnið er að fullu að ársreikningi síðasta árs. Jósef kemur á næstu dögum og skoðar þessi mál með Gassa og Unni. Fjörugar umræður um bókhald.

4. *Skýrsla stjórnar*

b) Fjármál: Lotto greiðslur. Gassi þarf að ýta á eftir félögum að skila inn skjölum.

c) Þing UÍA áætlað að halda það þann 6. Apríl á Stöðvarfirði. Stefnt er að því að boða til þess með mánaðar fyrirvara. Súlan hefur hafið leit að fundarstjóra og riturum. Framkvæmdarstjóra falið að kalla eftir íþróttamanni UÍA.

Stefnt að næsta fundi 5. Mars

Fleira ekki gert og fundi slitið 19:40
Fundargerð ritaði Benedikt Jónsson